


[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

Smelltu hér til að skoða þetta fréttabréf í vafra

Fréttabréf

Jólaútgáfa

39. árg 3. tbl.
Desember 2024



FÉLAG ÍSLENSKRA
NÁTTÚRUFRAEÐINGA

Jólakveðja!

Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar félagsfólki
og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar
og farsældar á nýju ári.



Pistill formanns



Kæri félagi.

Í nýafstöðnum kosningum var mikið rætt um að verið væri að kjósa um hvernig samfélagi við viljum búa í. [Á vefsvæði BHM má finna svör](#) flest allra stjórnmalaflokka við nokkrum spurningum í aðdraganda kosninga.

Ein spurningin sem flokkarnir voru beðnir um að svara var þessi:

Stéttarfélög og Bandalag háskólamanna þurfa næstu fjögur árin að fylgja fast á eftir kröfum háskólamenntaðra. Takist það ekki munu háskólamenntaðir vera í sömu sporum eftir fjögur ár og við erum í dag.

Þessar hugleiðingar eru ekki jákvæðar við fyrstu sýn en ég tel að við getum gert

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

stétta hefur verið hverfandi það sem af er öldinni og í tilfelli fólks með meistara-gráðu hefur orðið kaupmáttarrýrnun. Hver er afstaða þíns flokks til þessarar stöðu mála og til kröfu háskólamenntaðra um að menntun þeirra verði metin til launa? Sjáið þið fram á einhverjar lausnir sem fært gætu fólki með háskólamenntun fjárhagslegan ávinning af menntun sinni í samræmi við það sem þekkist í samanburðarlöndum okkar?

Ef horft er til svara þeirra þriggja flokka sem freista þess nú að mynda ríkisstjórn þá virðist sem að engar lausnir séu í sjónmáli varðandi þær áskoranir sem háskólamenntaðir standa frammi fyrir. Það er pólitísk ákvörðun ráðamanna að háskólamenntaðir sitja eftir og að skella skollaeyrum við þeirri samþjöppun á launum sem á sér stað vegna endurtekna krónutöluhækkana. Hvernig ákvarðanir eru teknar varðandi laun og launaþróun er komið í algjört óefni og við því þarf að bregðast.

Eina von háskólamenntaðra er að stéttarfélög þeirra muni koma málum háskólamenntaðra á dagskrá ráðamanna og að þau verði þátttakendur í því að finna lausnir á málefnum háskólamenntaðra. Það er ljóst að mínu mati að háskóla-menntaðir geta ekki treyst því að lausnin komi frá næstu ríkisstjórnarflokkum.

sýna fram á ávinning samfélagsins af háskóla-menntun. FÍN mun ekki liggja í dvala næstu fjögur árin og hefur nú þegar hafið undirbúning fyrir næstu kjaraviðræður.

Varðandi núverandi kjarasamninga þá vonast ég til þess að við njótum þeirrar gæfu að ganga frá kjarasamningi við ríkið, borgina og sveitarfélögin fyrir áramótin svo félagsfólk okkar geti kosið um þá hungurlús sem að okkur er rétt og tekið afstöðu til þess hvort við játum okkur sigruð að sinni, enn og aftur, og einbeitem okkur að koma ár okkar fyrir betur fyrir borð á næstu fjórum árum eða hvort við sláum hnefanum í borðið núna og segjum Nei! Nú er nóg komið, röðin er komin að okkur!

Að lokum óska ég félagsfólki og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar og vona að gleðin og hamingjan verði við völd í hátíðarhöldum með ykkar ástvinum.

Hjartans jólakveðjur,
Marianna H. Helgadóttir, formaður



Fréttir

FÍN tekur MailChimp í þjónustu sína

Á dögunum tók FÍN MailChimp í sína þjónustu og eftirleiðis mun allur fjölpóstur frá félaginu vera borinn út af þessum snjalla simpansa.


Þetta er fyrsta fréttabréfið sem kemur út á þessu formi og hvetjum við félaga til að tryggja að rétt netfangið sé skráð á póstlista félagsins.

Hægt er að uppfæra og skrá netföng á innri vefnum Mitt stéttarfélag, sem er aðgengilegur í gegnum hnappinn hér að neðan



Mitt stéttarfélag

Blásið til nánara samstarfs með fagfélögum



Á aðalfundi FÍN 2024 var ákveðið að efla samstarf félagsins við fagfélög og virkja félagsfólk markvisst í gegnum félögin.

Ákveðið var að bjóða félögunum að gera formlega samstarfssamninga og er sú vinna komin á góðan reksþöl en fundað hefur verið með nokkrum fagfélögum og drög að samstarfssamningum liggja fyrir.

Ef þú ert í forsvari fyrir fagfélag sem við höfum ekki komið á talsambandi við og hefur áhuga á samstarfi við FÍN mátt þú endilega heyra í okkur.

Starfsdagur stjórnar



Starfsdagur stjórnar var haldinn þetta haustið dagana 1. og 2. nóvember. Má segja að efnistökin hafi verið ákveðið framhald frá síðasta starfsdegi og ræddi stjórn félagsins m.a. framtíðarsýn FÍN ásamt því að ræða þá þungu stöðu sem er í kjaraviðræðum, en í kjölfarið var ákveðið að kalla eftir skoðun félagsfólks á næstu skrefum við samningaborðið.

Það var vel mætt á starfsdaginn og góð vinna sem fór þar fram sem mun án vafa nýtast sem veganesti fyrir stjórn á komandi vikum og mánuðum.



Tilkynningar

Framboð og tillögur um lagabreytingar

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á næsta aðalfundi FÍN 2025 skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir 1. febrúar næstkomandi. Upplýsingar um hverjir sitja í embættum eða trúnaðarstörfum á vegum félagsins er að finna á [vef félagsins](#).

Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður:

Stjórn FÍN: Varaformaður og stjórnarmenn (8)

Kjaradeilusjóður FÍN: Aðalmenn (2)

Siðanefnd FÍN: Aðalmenn (2) og varamaður (1)

Tilkynnt verður um fyrirkomulag framboða í fréttabréfi í janúar. Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum, en kosið er á milli frambjóðanda á aðalfundinum.

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar nk. og skulu félagsmenn senda inn lagabreytingartillögur á netfangið fin@fin.is.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög félagsins](#), [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Vísindasjóður

Greiðsla Vísindasjóðs fer fram 12. desember en meðlimir í sjóðnum fá upphæðina greidda og ekki þarf að sækja sérstaklega um að fá greiðslu. Til að athuga hvort að viðkomandi sé meðlimur í Vísindasjóð er hægt að fara inn á mínar síður með því að smella á hnappinn hér að neðan og skoða iðgjöld í sjóði.

Allt félagsfólk sem starfar hjá sveitarfélögum eru meðlimir í sjóðnum auk vissra fyrirtækja á almennum markaði. Ef einhver hefur ekki fengið greiddan sjóðinn má hafa samband við skrifstofu FÍN með því að senda póst félagið. Hafi sjóðfélagi sótt námskeið eða keypt fagbækur er hægt að draga þann kostnað frá styrknum á skattframtali. Sé enginn frádráttur frá styrknum er hann skattskyldur.

Styrkir til atvinnuleitenda

Félagi íslenskra náttúrufræðinga er umhugað að styðja við bakið á félagsmönnum sem eru atvinnulausir og kjósa að greiða félagsgjald af atvinnuleysisbótum til félagsins. Félagsmenn tryggja þar með aðild sína að sjúkrasjóðum BHM, Starfsmenntunarsjóði BHM og Orlofssjóði BHM.

Atvinnulausir félagsmenn geta fengið styrk allt að 300.000 kr. á ári, t.d. til að sækja námskeið að eigin vali hafi þeir verið atvinnulausir samfelld í þrjá mánuði eða lengur. Styrkurinn er eingöngu greiddur til félagsmanna sem greiða iðgjöld til félagsins af atvinnuleysisbótum og hafa greitt samfelld sex mánaða iðgjöld til félagsins fyrir atvinnumissi. Úthlutað er að jafnaði tvisvar á ári, að vori og hausti.

FÍN leggur áherslu á að um einstaklingsbundin úrræði er að ræða þar sem þarfir félagsmanna eru mismunandi. Styrkurinn er greiddur gegn framvísun kvittana. Nánari upplýsingar má fá með því að senda póst á fin@fin.is.

Hagnýtar upplýsingar

Skrifstofa FÍN er staðsett í Borgartúni 27. á annarri hæð en félagið deilir þar rými með góðum hópi stéttafélaga.

FÍN er umhugað um að veita sem besta þjónustu og býður m.a. upp á hagsmunagæslu á sviði kjara- og réttindamála, túlkun á samningum og ráðgjöf í ágreiningsmálum. Við veitum ýmsa ráðgjöf, fræðslu og þjónustu og má þar á meðal nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga
- Upplýsingar varðandi launakjör og launabróun
- Fræðslu frá FÍN á stofnunum/fyrirtækjum
- Lögfræðiþjónustu á sviði vinnuréttinda
- Aðstoð vegna ágreiningsmála á vinnustað
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og styrki til atvinnulausra félagsmanna
- Ráðgjöf og yfirlestur ráðningarsamninga
- Umsagnir vegna umsókna um atvinnuleyfi

Hægt er að bóka viðtöl við starfsmenn FÍN með því að senda póst á fin@fin.is

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate ▼](#)

Marianna H. Helgadóttir,
formaður

Orri Þrastarson,
verkefnastjóri

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur

Siggeir F. Ævarsson,
sérfræðingur

Mánudaga og miðvikudaga
Frá kl. 13:00–14:00

Þriðjudaga og fimmtudaga
Frá kl. 11:00–12:00
[Lokað á föstudögum](#)

Sími: 595-5175

Netfang: fin@fin.is

Veffang: www.fin.is



[View in browser](#)

Copyright (C) 2024 FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga. Allur réttur áskilinn.